

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 39/97
frá 10. júlí 1997**

um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn
um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Bókun 47 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/96 frá 29. febrúar 1996⁽¹⁾.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1544/95 frá 29. júní 1995 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 822/87 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

Af aðlögunartextanum við reglugerð (EBE) nr. 822/87 leiðir að eingöngu, 1., 2., 6. og 7. mgr. 1. gr. breytingarreglugerðarinnar gilda að því er samninginn varðar.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 15. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 822/82) í 1. viðbæti við bókun 47 við samninginn:

„- 395 R 1544: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1544/95 frá 29. júní 1995 (Stjtið. EB nr. L 148, 30. 6. 1995, bls. 31).“.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 102, 25. 4. 1996, bls. 45 og EES-viðbæti við Stjtið. EB nr. 11, 25. 4. 1996, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 148, 30. 6. 1995, bls. 31.

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1544/95 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. ágúst 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 10. júlí 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

E. Bull

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner